

Kirkjuþing 2021-2022

45. mál – þskj. 76

## Nefndarálit og breytingartillaga við tillögu til þingsályktunar um Jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar.

Frá allsherjarnefnd.  
Frsm. Margrét Eggertsdóttir.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið og leggur til að tillagan á þskj. nr. 45 verði samþykkt með eftirfarandi

*breytingartillögu:*

Heiti stefnunnar og fyrsti kaflinn, sem er inngangur, orðist þannig:

# Stefna Þjóðkirkjunnar og áætlun um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

## I. Inngangur

Stefnan er skuldbinding Þjóðkirkjunnar um stöðugar umbætur í jafnréttismálum.

Stefna Þjóðkirkjunnar um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna á að stuðla að jafnrétti eins og rétt og skylt er í samræmi við líf og boðskap Jesú Krists. Undirstöðuatríði kristins boðskapar fela í sér jafnréttishugsjón og skírnn inn í kristið samfélag gerir engan greinarmun á kyni eða stöðu einstaklinga. Því er jafnréttisstefna viðurkenning manngildis og jafnréttis allra einstaklinga.

Stefna kirkjunnar tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi. Þar er meðal annars lögð áhersla á að kynjasambætting sé fest í sessi sem mikilvæg leið til að koma á jafnrétti. Þá mun kirkjan vinna eftir lögum um kynrænt sjálfræði og gæta þess í öllu sínu starfi að fylgt sé ákvæði 65. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Jafnframt er tekið mið af því að Þjóðkirkjan er aðili að Alkirkjuráði, Kirknaráði Evrópu og Lúterska heimssambandinu. Samtökin hafa hvatt kirkjur sínar til að gæta að jafnréttissjónarmiðum til hins ýtrasta.

Stefna Þjóðkirkjunnar um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna tekur til stjórnkerfis kirkjunnar, alls starfsfólks hennar sem og til þeirrar starfsemi og þjónustu sem kirkjan veitir.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

*Allsherjarnefnd.*

Guðrún Karls Helgudóttir, formaður.

Anný Ingimarsdóttir.

Árný Herbertsdóttir.

Guðbjörg Arnardóttir.

Guðlaugur Óskarsson.

Kolbrún Baldursdóttir.

Margrét Eggertsdóttir.

Þuríður Björg Wium Árnadóttir.